

## Fyrirspurn

til matvælaráðherra um riðuveiki.

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hversu oft hefur fé verið skorið vegna riðuveiki frá 1. janúar 2014? Hversu margir gripir voru skornir í hvert sinn, sbr. 8. gr. reglugerðar um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001?
2. Hversu mörg dýr voru sýkt og hversu mörg sýndu engin einkenni riðuveiki? Svar óskast sundurliðað eftir hverjum niðurskurði.
3. Hvernig voru arfgerðir príonpróteins í sætum 136, 154 og 171 í sýktum dýrum? Svar óskast sundurliðað eftir hverjum niðurskurði.
4. Hvernig voru arfgerðir príonpróteins í sætum 136, 154 og 171 í dýrum sem sýndu engin einkenni riðuveiki? Svar óskast sundurliðað eftir hverjum niðurskurði.
5. Voru arfgerðir príonpróteins í sætum 137, 138 og 151 skoðaðar í hverjum niðurskurði? Fannst breytileiki í þeim sætum?
6. Hver hefur verið kostnaður ríkissjóðs vegna bóta frá 1. janúar 2014, sbr. IV. kafla reglugerðar um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar, nr. 651/2001? Svar óskast sundurliðað eftir ári og hverjum niðurskurði.

Skriflegt svar óskast.